Ut af þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg verð og að vera sömu skoðunar sem þjer og bæjarfógetinn, að tollinn af hinum umræddu vörum eigi að greiða á Seyðisfirði. 67 24. júní

**Brjef landshöfðingja** *til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi* **um kaup á jörð handa Eyvindarhólaprestakalli.** Ráðgjafinn fyrir Ísland hefir 20. f. m. skrifað mjer á þessa leið: 68 2. júlí

Samkvæmt allraþegnsamlegustum tillögum ráðaneytisins eptir móttöku brjefs yðar, herra landshöfðingi, dagsetts 16. f. m., hefir hans hátign konunginum allramildilegast þóknazt að veita allrahæst leyfi til að Eyvindarhólaprestakall í Rangárvallaprófastsdæmi kaupi eyðijörðina Syðra Bakkakot í Austureyjafjallahreppi gegn því að láta af hendi prestsmötu þá, 100 pd. smjörs, er prestakallið nýtur af Steinum, enda verði Syðra Bakkakot framvegis skoðað að öllu leyti sem kirkjujörð.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

## Agrip

af reikningi Landsbankans 1. janúar — 31. marz 1902. 69

Tekjur:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1. | I sjóði 1. janúar 1902 | | | kr. | 64,546 32 |
| 2. | Borgað af lánum: | | | | |
| | a. Fasteignarveðslán | kr. | 26,598 11 | | |
| | b. Sjálfskuldarábyrgðarlán | — | 18,989 63 | | |
| | c. Handveðslán | — | 1,135 00 | | |
| | d. Lán gegn ábyrgð sveita- og bæjarfjelaga o.fl. | — | 2,441 07 | | |
| | e. Accreditivlán | — | 2,000 00 | kr. | 51,163 81 |
| 3. | Víxlar innleystir | | | — | 190,712 00 |
| 4. | Ávísanir innleystar | | | — | 14,477 72 |
| 5. | Vextir ýmiskonar | | | — | 17,513 11 |
| 6. | Disconto | | | — | 4,225 82 |
| 7. | Tekjur í reikning Landmandsbankans í Kaupmannahöfn (fyrir seldar ávísanir o. fl.) | | | — | 267,701 02 |
| 8. | Innheimt fje fyrir aðra | | | — | 6,734 29 |
| 9. | Seld verðbrjef fyrir | | | — | 23,600 00 |
| 10. | Selt af fasteignum bankans | | | — | 12,200 00 |
| 11. | Aðrar tekjur af fasteignum tilheyrandi bankanum | | | — | 33 13 |
| 12. | Innlög í hlaupareikning | | | — | 242,519 68 |
| 13. | Sparisjóðsinnlög | | | — | 314,691 25 |
| 14. | Frá veðdeild bankans | | | — | 224 49 |
| 15. | Ýmiskonar tekjur og innborganir | | | — | 2,422 17 |
| | | | | Kr. | 1,212,764 81 |